

## Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2020, mánudaginn 21. september, var haldinn 7. fundur íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn var opinn, haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 17.05. Fundinn sat Freyr Gústavsson og Eyjólfur Eyjólfsson. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir, Björn Ingi Björnsson og Sigrún Guðjohnsen. Elísabet Pétursdóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 1. september, til ráða og nefnda um samþykkt borgarstjórnar á tillögu um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitastjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélögum – notkun fjarfundarbúnaðar. R18060129
2. Fram fer kynning á starfsemi þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts og samstarf við íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals. Frestað.
3. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 14. september 2020, um breytingar á reglum um úthlutun hverfissjóðs Reykjavíkurborgar.
4. Lagðar fram ábendingar íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals dags. júní 2020, vegna fjárfestinga- og viðhaldsáætlunar Reykjavíkurborgar 2021-2025.
5. Lagt fram bréf skóla- og frístundaráðs dags. 25. júní 2020, vegna tillögu íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals um smíðavelli í hverfinu.
6. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 4. september 2020, með beiðni um umsögn íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals um tillögu að hámarkshraðaáætlun í hverfinu.

Samþykkt að fela formanni íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals að gera umsögn í samráði við aðra fulltrúa ráðsins fyrir 14. október n.k., sem verður lögð fram til staðfestingar á næsta fundi íbúaráðsins.

7. Fram fer umræða um bílastæði í hverfinu.

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi bókun:

Nokkur óánægja er meðal íbúa með skort á merkingum og mistúlkun á legu bílastæða í Úlfarsárdal. Má þar helst nefna Freyjubrunn og Sjafnarbrunn. Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur til að bílastæði í borgarlandi sem liggja samhliða akbrautum verði merkt með málningu.

8. Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Með hvaða hætti er eftirliti Bílastæðasjóðs með ólöglegri lagningu bifreiða á borgarlandi háttað í Grafarholti og Úlfarsárdal? Er eftirlitið reglubundið eða tilfallandi?

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs.

9. Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Stendur til að skýra með merkingum eða breyta skipulagi gatnamóta með hringlaga umferðareyjum annars vegar við Hlínartorg og hins vegar á Úlfarsbraut norðan Dalskóla? Óljóst er hvort um er að ræða hringtorg eða almennan hægrirétt og skapast oft hætta þegar bílar mætast.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs.

10. Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Samkvæmt breyttu deiliskipulagi er gert ráð fyrir útsýnispalli við nýtt útvarpsmastur á Úlfarsfelli. Stendur til að byggja slíkan útsýnispall og ef svo er, hver er tímaáætlun þess verkefnis?

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs.

11. Lagðar fram til afgreiðslu styrkumsóknir vegna Sumarborgar 2020. Þessi liður fundarins er lokaður.  
Samþykkt að veita verkefninu Pop up leikvöllur, styrk að upphæð kr. 125.000,-  
Samþykkt að veita verkefninu Skátafjör við Hafravatn, styrk að upphæð kr. 450.000,-
12. Lagðar fram til afgreiðslu styrkumsóknir í hverfissjóð Reykjavíkurborgar. Þessi liður fundarins er lokaður.  
Samþykkt að veita verkefninu Æfingastúdíó, styrk að upphæð kr. 350.000,-

**Fundi slitið kl. 18:04**

Freyr Gústavsson

Sigríður Arndís Jóhannsdóttir  
Valgerður Sigurðardóttir  
Eyjólfur Eyjólfsson

Björn Ingi Björnsson  
Sigrún Guðjohnsen